

## **Fundur í svæðisráði vestursvæðis 22.11.13 – símafundur.**

*Mætt: Elín Heiða Valsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Karl Ölvirsson, Ólafía Jakobsdóttir, Sigurður Skúlason og Snorri Baldursson. Forföll: Ástvaldur Guðmundsson.*

1. **Elín Heiða** bauð fólk velkomið og rakti það helsta sem gerst hefur á vettvangi stjórnar, þar á meðal að Hjalti Þór Vignisson hefur tekið við af Kristveigu Sigurðardóttur sem stjórnarformaður.
2. **Sumarstarfið 2013.** Snorri fór í stuttu máli yfir starfsemina í sumar og vitnaði í nýlegt fréttabréf. Varðandi ferðamannastraum í sumar taldi Snorri að heldur fleiri hefðu verið á ferðinni í Eldgjá en undanfarin sumur en færri í Lakagígum og Nýjadal.
3. **Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri.** Fjárveitingar til byggingar þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri hafa verið klipptar af og framkvæmdafé þjóðgarðsins skorið verulega niður. Sveitarstjórn Skaftárhrepps og stjórn þjóðgarðsins hefur brugðist við því en óvíst er um framhald verkefnisins. Nýverið sendi stýrihópur þekkingarsetursins (skipaður til að undirbúa verkefnið af hálfu ríkisins) bréf þar sem tilkynnt er að hópurinn hafi hætt störfum. Eftirfarandi var bókað:

### **Vegna þekkingarseturs**

*Svæðisráð vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs lýsir miklum vonbrigðum með ákvörðun ríkisstjórnar Íslands að skera niður framkvæmdafé þjóðgarðsins og að draga til baka fjárveitingu til byggingar þekkingarseturs, og þar með gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri. Svæðisráð skorar á umhverfisráðherra að hlutast til um að verkinu verði framhaldið á næsta ári.*

### **Vegna stýrihóps um þekkingarsetur**

*Svæðisráð vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs undrast ákvörðun stýrihóps Framkvæmdasýslu ríkisins um þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri að leggja sjálfan sig niður áður en fjárlög eru endanlega afgreidd frá Alþingi. Jafnframt lýsir svæðisráð vonbrigðum með skort á samráði stýrihóps og heimamanna og að ekki skyldi takast að ljúka frumathugun fyrir stjórnarskipti. Svæðisráð leggur til að strax verði boðað til fundar um verkefnið og í framhaldi stofnaður verkefnishópur notenda þekkingarsetursins til að ýta málum áfram.*

Snorra og Ólafíu falið að vinna að málinu áfram.

4. **Önnur mál.** Ólafía upplýsti að Skaftárstofa - upplýsingamiðstöð hefði verið opin frá 15. október, tvo tíma að morgni og þrjá tíma seinnipart, að frumkvæði klasans Friðar og frumkrafta. Þetta fyrirkomulag yrði til áramóta. Snorri upplýsti um minnisblað sitt til stjórnar frá 2. október sl. þar sem lagt er til að Vatnajökulsþjóðgarður yfirtaki rekstur Skaftárstofu. Minnisblaðið var tekið fyrir á fundi stjórnar þann 7. október sl. þar sem vel var tekið í hugmyndina og framkvæmdastjóra falið að vinna að henni.

Karl spurði um ferð með Ferðaklúbbnum 4x4 á Tungnaáröræfi í sumar. SB upplýsti að ferðin hefði fallið niður. Nauðsynlegt að fá umræðu líka í Ásahreppi um framtíðarskipulag á Tungnaáröræfum. Snorra og Karli falið að vinna málið áfram.

Elín Heiða sagði frá ákvörðun sinni að hætta í svæðisráði vestursvæðis og að Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps, hefði verið tilnefnd í hennar stað. Sigurður upplýsti að hann hefði tilkynnt sveitarstjórn Þingeyjarsveitar afsögn sína úr svæðisráði en að ekki væri búið að tilnefna nýjan fulltrúa. Elín og Sigurður þökkðu samstarfið. Stefnt er að fundi í svæðisráði strax og nýir fulltrúar hafa verið formlega samþykktir.